

Ed. **340. Breytingartillaga** [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frv. orðist svo:

37. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af segulbandstækjum og segulböndum fyrir sjónskert fólk svo og af stöfum, úrum og öðrum öryggis- og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjón- og/eða heyrnarskertra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd heimildarákvæðis þessa í samráði við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um tæki fyrir heyrnarskerta að ræða.